



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Fjármála- og áhættustýringarsvið

Reykjavík, 28. apríl 2026

MSS26030087

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknarflokksins um aðgerðir gegn verðbólgu og stýrivaxtahækkunum

Þann 19. mars 2026 lagði borgarráðsfulltrúi Framsóknarflokksins fram í borgarráði eftirfarandi fyrirspurn um aðgerðir gegn verðbólgu og og stýrivaxtahækkunum:

Í ljósi þess að verðbólga er 5,2% og vaxtalækkunarferli Seðlabanka Íslands hefur ekki bara stöðvast heldur hækkaði Seðlabankinn stýrivexti í 7,5% í síðustu vaxtaákvörðun þá spyr Framsókn um áhrif efnahagsmála á rekstur borgarinnar. Fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir árið 2026 gerir ráð fyrir tilteknum forsendum en efnahagsmál hafa þróast á verri veg en forsendurnar gera ráð fyrir. Telur borgarstjóri ástæðu til þess að bregðast sérstaklega við stöðunni með aðgerðum? Annars vegar til þess að mæta erfiðara rekstrarumhverfi og hinsvegar með aðgerðum til þess að draga úr verðbólgu almennt en Seðlabankinn bendir á að hækkanir gjalda hins opinbera séu ein meginástæða hækkunar verðbólgu. Í forsendum fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar 2026 er gert ráð fyrir því að atvinnuleysi verði 4,1% á árinu en samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar var 7,3% atvinnuleysi á meðal fólks á aldrinum 16-74 í febrúar. Því er spurt um áhrif þessa samdráttar í vinnumagni á útsvarsstofn borgarinnar. Þá gera forsendur fjárhagsáætlunar fyrir því að vísitala neysliverðs verði 2,7% en síðasta mæling Hagstofunnar sýnir að hún stendur í 4,4% í dag. Hvaða áhrif hefur þessi hækkun á rekstur Reykjavíkurborgar? Þróun launa hefur einnig breyst en forsendur fjárhagsáætlunar gera ráð fyrir 4,4% hækkun en samkvæmt Hagstofunni hafa laun hækkað um 7,2%.

Svar:

Í ljósi stöðunnar í efnahagsmálum er mikilvægt að Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög bregðist við af festu og yfirvegun. Grundvallaratriði í hefðbundinni hagstjórn er að peningastefna Seðlabankans beri meginábyrgð á að ná niður verðbólgu, á meðan ríkisfjármál og fjármál sveitarfélaga styðja við það markmið með stöðugleika fremur en sveifluaukandi aðgerðum.

Hefðbundin fjármálastefna byggir á því að leyfa áhrifum af svokallaðri sjálfvirkri sveiflujöfnun að verka á hagkerfið. Það felur í sér að tekjur hins opinbera dragast sjálfkrafa saman þegar hægir á efnahagsumsvifum, til dæmis vegna lægri útsvarstekna, á meðan útgjöld geta aukist án sérstakra pólitískra ákvarðana. Og öfugt ef aukning er í



Reykjavík



efnahagssumsvifum. Þannig milda opinber fjármál sveiflur í hagkerfinu án þess að grípa þurfi til sértækra inngripa af hálfu Reykjavíkurborgar.

Í því samhengi er almennt ekki talið æskilegt að sveitarfélög beiti virkri, svokallaðri sértækri fjármálastefnu til að bregðast við hagsveiflum. Slíkar ákvarðanir geta verið seint á ferðinni, aukið óvissu og jafnvel unnið gegn aðhaldi peningastefnunnar, sérstaklega þegar verðbólga er þrálát og vextir háir.

Hlutverk sveitarfélaga ætti því fyrst og fremst að felast í að halda aga í rekstri, forðast aðgerðir sem auka eftirspurn umfram það sem samrýmist verðstöðugleika, og tryggja að gjaldskrár og útgjöld þróist með hóflegum hætti. Með því styðja þau við heildarstefnu hagstjórnar án þess að grafa undan markmiðum um lægri verðbólgu.

Hefðbundið framlag Reykjavíkurborgar við núverandi aðstæður er að treysta á framlag sjálfvirkrar sveiflujöfnunar til núverandi stöðu í efnahagsmálum.

Virðingarfyllt,

Halldóra Káradóttir
sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs